

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. að allur akstur verði bannaður um Lækjartorg og Austurstræti, heimiluð verði þó umferð um Lækjartorg og Austurstræti vegna vörulósunar frá kl. 7 til 11 virka daga.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B01.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
2. að svæðið Lækjartorg og Austurstræti verði skilgreint sem göngugata.
Merkja skal göngugötu og umferð vegna vörulósunar frá 7-11 virka daga með viðeigandi merkjum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

F.h. lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, 27. september 2016,

Jón. H. B. Snorrason aðstoðarlögreglustjóri.